

## Ársskýrsla 2014



## Nemendur

Vorið 2014 var brautskráning í Húsavíkarkirkju laugardaginn 24. maí kl. 14:00. Þá brautskráðust 18 nemendur frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Stúdentar voru 16, þar af 7 af náttúrufræðibraut og 9 af félagsfræðibraut. Einn nemandi útskrifaðist af almennri braut og einn af starfsbraut. 760 nemendur hafa lokið prófi frá Framhaldsskólanum á Húsavík. Þar af eru 448 stúdentar, 63 af iðnbrautum og 245 af ýmsum starfsnámsbrautum og undirbúningsbrautum.

### Skipting nemenda eftir brautum á vorönn 2014

Heiti brautar	Fjöldi
Almenn námsbraut	6
Félagsfræðibraut	39
Grunnskóladeild	1
Náttúrufræðibraut	31
Ótilgreind námsbraut	14
Starfsbraut	7

Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum 2

### Aldursskipting nemenda á vorönn 2014

Árg. Fjöldi

1960	1
1964	1
1966	2
1967	2
1968	1
1977	1
1981	1
1984	1
1989	2
1990	1
1991	4
1993	3
1994	12
1995	29

1996 27

1997 29

1998 1

Vor 2014

KK = 55, KVK = 68

#### **Skipting nemenda eftir brautum á haustönn 2014**

Heiti brautar	Fjöldi
---------------	--------

Almenn námsbraut	7
------------------	---

Framhaldsbraut	4
----------------	---

Félagsfræðibraut	31
------------------	----

Grunnskóladeild	1
-----------------	---

Náttúrufræðibraut	40
-------------------	----

Ótilgreind námsbraut	6
----------------------	---

Starfsbraut	4
-------------	---

Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2
--	---

#### **Aldursskipting nemenda á haustönn 2014**

Árg.	Fjöldi
------	--------

1960	1
------	---

1966	1
------	---

1967	2
------	---

1969	1
------	---

1977	1
------	---

1979	1
------	---

1989	2
------	---

1991	1
------	---

1992	1
------	---

1993	4
------	---

1994	4
------	---

1995	23
------	----

1996	17
------	----

1997 20

1998 20

1999 1

KK = 53 KVK = 47

### **Innleiðing aðalnámskrár á vor-og haustönn 2014:**

Aðstoðarskólameistari sem jafnframt gegnir starfi áfangastjóra hefur leitt vinnuna við endurskipulagningu á námsbrautum skólans og hafði umsjón með vinnu kennara við ritun nýrra áfangalýsinga. Á vorönn 2014 var meðal annars unnið að endurskipulagningu svokallaðrar framhaldsbrautar sem ætluð er nemendum sem ekki hafa fótað sig í hefðbundnum bóknámsgreinum í grunnskóla. Kennsla á framhaldsbraut hófst á haustönn 2014. Tveir nýir áfangar smiðja og matur og menning voru þá teknir inn. Þar sem svo fáir nemendur eru á framhaldsbrautinni enn sem komið er voru þessir áfangar boðnir í frjálsum vali og nemendur á öðrum brautum nýttu sér það. Í september heimsóttu kennarar FSH Framhaldsskóla Snæfellinga í Grundarfirði og kynntu sér hvernig þar hefur verið unnið að námskrármálum og leiðsaganarmati.

### **Kennsla og stjórnun**

Allir fastráðnir kennarar við skólann voru með áskilin réttindi til kennslu í framhaldsskóla. Einungis tveir leiðbeinendur kenndu við skólann og annar í kennsluréttindanáminu í Háskólanum á Akureyri, hinn var leiðbeinandi á starfsbraut. Kennslustundir eru 60 mínútur. Kennsluhættir hefðbundnir þ.e. fyrirlestrar kennara og nemenda, ritgerðir, hóp-og einstaklingsverkefni. Vægi prófa verður alltaf minna og meira um símat í langflestum áföngum. Nokkrir áfangar voru próflausir.

Skólameistari var í 100% starfi, aðstoðarskólameistari (sem er jafnframt áfangastjóri) var í 75% starfi, fjármálastjóri í 50%. Ritari er í 60% stöðu, bókasafnsfræðingur í 60% staða, námsráðgjafi 30% staða. Húsvarsla og ræstingar er 100% stöðugildi og einn starfsmaður sinnti þeim störfum.

Á vorönn 2014 og haustönn 2014 var fjöldi kennara 13 og aðrir starfsmenn 6. Meðalaldur starfsmanna á vorönn 2014 var 49 ár og 47 ár á haustönn 2014. Stöðugildi eru um 15.

## Menntun kennara við FSH

Fjöldi kennara með BA/BS –próf auk kennsluréttinda	12
Fjöldi kennara með MA/MS/M.ed –próf auk kennsluréttinda	4
Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda	2, annar er í kennsluréttinda-námi
Fjöldi kennara með aðra menntun	1 rafmagns-tæknifræðingur með kennsluréttindi

## Mat - ytra mat og innra mat

Skólinn var í ytra mati í nóvember 2014. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson hjá Gát sf komu í skólann og öfluðu upplýsinga fyrir úttektina.

Varðandi innra matið ákvað matsnefnd skólans í samráði við skólameistara að leggja ekki fyrir kennslukannanir á vorönn 2014 vegna verkfalls kennara. En slíkar kannarnir eru lagðar fyrir á hverri önn. Kennslukönnun var lögð fyrir nemendur á haustönn 2014. Skólasamningur var gerður í desember 2012. Markmiðin eru eftirfarandi:

### KENNSLA

Í Framhaldsskólanum á Húsavík er kennsla:

**Fjölbreytt**, þar sem leitast er við að haga kennslu þannig að kennsluhættir geri öllum nemendum kleift að tileinka sér þekkingu og öðlast þá hæfni og leikni sem stefnt er að hverju sinni.

*1. Efla endurmenntun kennara í þeim tilgangi að auka færni þeirri í að beita fjölbreyttari kennsluaðferðum.*

a) Að minnsta kosti 50% kennara skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á samningstímanum.

b) Kennarar skólans noti þau tækifæri sem bjóðast til að sinna endurmenntun er lýtur að fjölbreyttum kennsluaðferðum. Starfsdagar á haust- og vorönn á samningstímanum verði markvisst nýttir til endurmenntunar kennara.

Markmið a og b eru enn við líði.

c) Skólinn geri þarfagreiningu á vorönn 2013 þar sem lagt verði mat á þarfir kennara fyrir skilgreinda sí-og endurmenntun og/eða þjálfun í starfi.

d) Kennarar fá aukna þjálfun í beitingu kennsluaðferða fjarnáms m.a. með framhaldsnámskeiði í notkun á Kennsluvefnum.is. á haustönn 2013.

Ágætlega hefur tekist að framkvæma þessi markmið. Liður 1a) náðist þó ekki enda fundust engin tækifæri til vettvangsnáms í fjölbreyttum kennsluaðferðum á tímabilinu. Við náðum að framfylgja markmiði 1b). Ingvar Sigurgeirsson kom tvisvar til okkar og aðstoði okkur við leiðsagnarmat og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Liður 1c og 1d) Við stjórnendur gerðum þarfagreiningu vorið 2013 þar sem kom fram að kennarar vildu gjarnan læra betur á Moodle. Valgerður Ósk Einarsdóttir kom í byrjun haustannar og kenndi okkur hvernig hægt er að nota Moodle til að auka fjölbreytni í verkefnum og prófagerð.

**Einstaklingsmiðuð**, þar sem leitast er við að mæta mismunandi forsendum nemenda þannig að hver og einn fái sem best notið hæfileika sinna.

*2. Bjóða nemendum hægferðir og hraðferðir í námi.*

*3. Nýta styrkleika fámennra námshópa til að efla stuðning við hvern og einn nemanda.*

a) Umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur skólans vinna saman að því að fylgjast með námsframvindu hvers nemenda á samningstímanum og grípa inn í ef ástæða þykir til. Með því að kalla nemendur til viðtals og hafa samband við forráðamenn ólögráða nemenda.

Markmið 3a) Umsjónarkennarar, námsráðgjafi og stjórnendur funduðu reglulega og fóru yfir mál þeirra nemenda sem standa höllum fæti. Umsjónarkennarar tóku viðtöl við ólögráða nemendur og námsráðgjafi einnig. Fjarvistartalning er á 3ja vikna fresti. Stjórnendur sendu foreldrum þeirra nemenda sem mikið voru búnir að skröpa bréf til að upplýsa þá um fjarvistir barna sinna. Þess má geta að einnig eru send út hrósbréf til foreldra og nemenda sem mæta vel í skólann.

**Áhugavekjandi**, þar sem lögð er áhersla á að virkja nemendur til þátttöku og nýsköpunar á sem flestum sviðum.

*4. Innleiða fjölbreyttari kennsluhætti og hvetja kennara til að prófa nýjar leiðir í kennslu.*

a) Stefnit er að því að hefja kennslu í nýjum áfanga, listum, menningu og vísindum (LMV) þar sem lögð er áhersla á aðferðafræði nýsköpunar í námi og kennslu skólaárið 2013 – 2014.

b) Stefnit er að því að kennarar skólans fái námskeið í fjölbreyttum kennsluaðferðum á vorönn 2013.

Markmið 4 a og b) náðist. Kennsla hófst í LMV haustönn 2013 og er í kennslu.

**Hvetjandi og uppbyggjandi**, þar sem áhersla er lögð á að nemandinn öðlist trú á eigin getu og hæfileika og kennari vænti ætíð árangurs.

5. Kennarar leggi áherslu á að nota leiðsagnarmat, til að bæta kennsluaðferðir, námsmat og árangur nemenda með það að markmiði að hver og einn nemandi nái betri árangri í námi sínu.

a) Að > 50% kennara noti leiðsagnarmat í starfi sínu með nemendum vorið 2014.

Markmið 5a) náðist ekki alveg en þó bættust fleiri kennarar í hópinn haustið 2014.

**Skipuleg og markviss**, þar sem nemendur fá skýr skilaboð um þær væntingar og kröfur sem gerðar eru til þeirra varðandi ástundun, vinnubrögð og árangur.

6. Kennarar orði með skýrum hætti í námsáætlun þær væntingar sem gerðar eru til nemenda um árangur.

a) Allir kennarar skólans leggi fram námsáætlanir skv. samræmdu viðmiði um framsetningu á námsáætlunum nemenda (kennsluáætlunum) haustið 2014.

Þetta markmið hefur náðst að stórum hluta en þó eru nokkrar námsáætlanir ekki enn komnar í nýja búninginn.

7. Upplýsingar um þá þekkingu, leikni og hæfni sem nemendur eiga að búa yfir við námslok séu skýrar og þeim komið á framfæri við nemendur með markvissum hætti.

a) Allir kennarar skólans fari vandlega yfir námsáætlanir með nemendum á samningstímanum og leggi sérstaka áherslu á að útskýra þau markmið sem nemendum er ætlað að ná.

b) Allir kennarar skólans skoði mánaðarlega á samningstímanum með nemendum hvernig starfinu miðar með hliðsjón af námsáætlun.

c) Nemendur fá markvissa leiðsögn og hvatningu frá kennurum. >80% nemenda telja að kennari vænti árangurs skv. kennslukönnun á haustönn 2013.

Eins og komið hefur fram var ekki gerð kennslukönnun vorið 2014 vegna verkfalls kennara.

Samkvæmt kennslukönnun haustið 2014 náðist markmið 7a) markmið 7b) náðist einungis að hluta þar sem ekki alveg allir kennara gerðu þetta mánaðarlega. Markmiði 7c) náðist, 86% nemenda sögðu kennara áhugasama um að nemendum gengi vel í náminu í kennslukönnun haust 2014.

8. Kennarar skólans ígrundi árangur af starfi sínu með markvissum hætti með það að markmiði að ná enn betri árangri með nemendum.

a) Allir kennarar skólans ígrundi með markvissum hætti eigin árangur í ljósi árangurs nemenda, með hliðsjón af þeim námsmarkmiðum sem sett voru fram í viðkomandi áfanga. Niðurstöðum er skilað í áfangaskýrslu kennara í lok hvers skólaárs. Skýrslur kennara eru teknar saman og gerðar aðgengilegar á sameiginlegu drifi á kennsluvefnum. b) Kennarar skólans fái kynningu/námskeið á samningstímanum í að þróa með sér færni í að beita aðferðafræði starfendarannsóknna í starfi sínu.

Markmið 8a) Upp kom ágreiningur sem á eftir að leysa varðandi þetta mál þar sem sumir kennarar telja sig ekki bera skyldu til að skila svona skýrslu án þess að fá greitt fyrir það. Markmið 8b) þetta markmið er í biðstöðu þar sem nóg er að gera í sambandi við leiðsagnarmatið.

## **Fjármál 2014**

Rekstur var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun. En í byrjun sumars ákvað ráðuneytið að skerða fjármagn skólans um 12,8 m.kr sem setti okkur í vandræði þar sem búið var að skipuleggja kennslu á haustönninni. Okkur til mikillar gleði fékk skólinn 16. m.kr. á aukafjárlögum. Eins og í öðrum skólum eru laun langstærsti rekstrarliðurinn og 2014 var hann rúm 80% af rekstrargjöldum.

## Skólaþróunarverkefni og samstarf

### Áfanginn Listir, menning og vísindi (LMV192 og LMV292)

Áfanginn Listir, menning og vísindi var kenndur í fyrsta skipti á skólaárinu 2013-2014 og er í fullum gangi. Í áfanganum er lista- og hönnunarsagan rakin samhliða tímalínu mannkynssögunnar. Um er að ræða þverfaglegan áfanga þar sem námsgreinarnar samfélagsfræði, saga og náttúrufræði eru tengdar við tímalínuna eftir því sem við á í þeim tilgangi að nemendur fái yfirsýn yfir hvernig list og hönnun hefur þróast í samhengi við þróun vísinda. Jafnframt er námsgreinin íslenska fléttuð saman við efni áfangans í þeim tilgangi leiðbeina nemendum um meðferð talaðs máls og ritaðs í verkefnavinnu áfangans. Nemendur fá auk þess þjálfun í notkun ýmiss konar upplýsingatækni til að auðvelda öflun og miðlun hvers kyns þekkingar. Áfanginn er tvískiptur og er kenndur bæði á haustönn og vorönn. Í haustannaráfanganum er tímalínan rakin frá forsögulegum tíma fram að iðnbyltingu. Í þessum hluta áfangans er samfélagsfræðileg áhersla. Í vorannaráfanganum er tímalínan rakin frá iðnbyltingu fram til nútíma. Í þeim hluta áfangans er náttúrufræðileg áhersla. Fjórir kennarar önnuðust kennslu í áfanganum á skólaárinu 2013-2014 en þrír kennarar unnu saman á hvorri önn. Á vorönn 2014 var framkvæmt mat á áfanganum en Laufey Petrea Magnúsdóttir, fyrrverandi skólameistari við FSH, vann það í tengslum við námskeið á meistarasíðu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Á skólaárinu 2014-2015 er unnið að áframhaldandi þróun áfangans. Í vetur kenna tveir kennarar hvorn hluta áfangans. Á haustönn 2014 eru haldnir fundir á þriggja vikna fresti þar sem kennarar í áfanganum ásamt skólustjórnendum koma saman og ræða um hvernig nám og kennsla í áfanganum gengur. Leitast er við að vinna í samræmi við ábendingar í matsverkefni Laufeyjar P. Magnúsdóttur.

### Leiðsagnarmat

Leiðsagnarmat er kennslu- og námsmatsaðferð sem byggir á því að nemandinn fái stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um hvernig hann geti bætt sig. Um nokkurt skeið hefur verið unnið að því að kynna leiðsagnarmat fyrir kennurum og starfsfólki FSH og innleiða það í áföngum skólans. Á vorönn 2014 hélt Lilja Ólafsdóttir, aðstoðarskólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar, stutt námskeið fyrir kennara FSH um leiðsagnarmat og kom það námskeið í kjölfar tveggja örnámskeiða sem Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við menntavísindasvið HÍ, hélt á vorönn 2013. Á vorönn 2013 heimsóttu kennarar við FSH Menntaskóla Borgarfjarðar og kynntu sér m.a. vinnu við leiðsagnarmat í þeim skóla. Innleiðing leiðsagnarmats við FSH stendur enn yfir en á haustönn 2014 heimsóttu kennarar við FSH Menntaskóla Snæfellinga í Grundarfirði til að kynna sér notkun leiðsagnarmats þar. Auk þess hafa nokkrir kennarar við FSH nú tekið höndum saman um að innleiða leiðsagnarmat í nokkrum áföngum sem kenndir eru á haustönn 2014. Stefnt er að því sem flestir kennarar taki á næstunni upp leiðsagnarmat í áföngum sínum en rannsóknir sýna að vandað leiðsagnarmat bæti námsárangur nemenda og að nemendur sem standa höllum fæti í námi njóti sérstaklega góðs af þessari kennslu- og námsmatsaðferð.

### Framhaldsbraut

Framhaldsbraut er tveggja ára námsbraut þar sem lögð er áhersla á að efla sjálfsmynd nemenda, sjálfstraust og samskiptahæfni og stuðla að auknum persónuþroska jafnframt því að gera nemendur hæfari til að takast á við áskoranir og verkefni daglegs lífs. Markmiðið með brautinni er að mæta betur þörfum og forsendum þeirra nemenda sem hingað til hafa átt erfitt með að fóta sig og finna viðfangsefni við hæfi í framhaldsskóla og sporna þannig við brotthvarfi þessara nemenda úr skóla. Brautarlýsing framhaldsbrautar var upphaflega unnin skólaárið 2010-2011 en vegna lélegrar fjárhagsstöðu skólans var ekki farið af stað með brautina þá. Gerðar voru breytingar á brautinni veturinn 2013-2014 með það í huga að áfangar hennar nýttust nemendum á öðrum brautum skólans



en með því móti var hægt að draga verulega úr kostnaði við rekstur brautarinnar. Á haustönn 2014 var kennsla á brautinni hafin. Aðeins fjórir nemendur eru á framhaldsbraut og ljóst er að ef ekki verður tekið sérstakt tillit til brautarinnar í fjárveitingum til skólans mun reynast erfitt að halda úti séráföngum hennar. Framhaldsskólinn á Húsavík vill leggja sitt af mörkum til að þjóna nemendum sem ekki hafa skilgreinda fötlun en geta samt sem áður illa nýtt sér almennt bóknað. Vonast er til þess að skólanum verði gert kleift að reka brautina áfram og þjóna þessu hlutverki svo sómi sé að.

### **Ný námskrá**

Á skólaárinu 2013-2014 var unnið að gerð brauta- og áfangalýsinga í samræmi við lög um framhaldsskóla og stendur sú vinna enn yfir. Upphaflega var unnið út frá því að stúdentsprófið yrði 240 framhaldsskólaeiningar. Þeirri ákvörðun var síðan breytt þar sem langflestir framhaldsskólar fara í 200 feininga kerfi. Nú er staðan í námskrárvinnu sú að brautalýsingar eru nokkurn veginn tilbúnar.

### **Heilsuþáttur mín**

Verkefninu *Heilsuþáttur mín* var hrundið af stað á skólaárinu 2013-2014 og voru þátttakendur í því nýnemar. Umsjón verkefnisins var í höndum fjögurra starfsmanna skólans, þ.e. námsráðgjafa (sem einnig er næringarfræðingur), íþróttakennara, sálfræðikennara og skólahjúkrunarfræðings. Námsráðgjafi fór með verkefnisstjórn. Náin samvinna var höfð við stýrihóp Heilsueflandi framhaldsskóla, Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins var að nemendur yrðu sér meðvitaðir um mikilvægi heilbrigðs lífsstíls og að þeir tækju aukna ábyrgð á eigin lífi til framtíðar. Verkefnið gekk í stuttu máli út á að nemendur settu sér markmið í tengslum við fjóra lífsstílstengda þætti, þ.e. hreyfingu, mataræði, svefnvenjur og andlega líðan. Hver nemandi valdi sér einn þátt sem hann vildi einbeita sér að umfram aðra. Markmiðin voru svokölluð SMART-markmið en með því var átt við að þau yrðu að vera skýr, mælanleg, alvöru (þ.e. að hægt væri að ná þeim), raunhæf og tímasett. Nemendur voru teknir í viðtöl með reglulegu millibili þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir þá og árangurinn af markmiðum þeirra metinn. Yfir skólaárið unnu nemendur einnig verkefni tengd markmiðunum í lífsleiknitímum og bóklegum íþróttatímum. Jafnframt voru fengnir nokkrir fyrirlesarar á skólaárinu til að halda fræðsluerindi um markmiðssetningu, velgengni í lífinu, líkamsbeitingu og jákvæðni og geðrækt. Þessir fyrirlestrar voru opnir fyrir aðra nemendur skólans. Í lok vorannar 2014 var lögð könnun fyrir þátttakendur í verkefninu þar sem þeir áttu að meta árangurinn af því. Í ljós kom að um helmingur nemenda gat hugsað sér að nýta sér þá færni sem ávannst af verkefninu til áframhaldandi markmiðssetningar í lífsstílstengdum þáttum. Að mati stýrihóps var einnig sá ávinningur af verkefninu að nemendur fundu fyrir því að starfsfólki skólans væri annt um heilsu þeirra og vildi leggja sitt af mörkum til að auðvelda þeim skólagönguna enda eru sterk tengsl milli góðrar heilsu og velgengni í námi. Á skólaárinu 2014-2015 er haldið áfram með verkefnið og eru þátttakendur að þessu sinni í tveimur hópum; annars vegar nýnemar og hins vegar eldri nemendur. Verkefnið kemur í kjölfar, og rennur raunar saman við, lýðheilsuverkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla sem lýst er hér að neðan.

### **Heilsueflandi framhaldsskóli**

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur tekið þátt í lýðheilsuverkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* frá upphafi þess. Veturinn 2013-2014 var skólinn staddur í geðræktarhluta verkefnisins en hann snýst um að skapa jákvæðan skólabrag sem einkennist af jafnrétti, virðingu og umhyggju auk þess sem áhersla er lögð á að mörkuð sé skýr stefna í eineltismálum og að þekkingu og þjálfun sé miðlað til nemenda og starfsfólks um hvornig hægt sé að hlúa að eigin geðheilsu og annarra. Töluvert er síðan FSH markaði sér stefnu í eineltismálum og er hún hluti af jafnréttisstefnu skólans sem finna má á heimasíðu hans. Í menntasýn skólans er áhersla lögð á að nemendur þroski með sér hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra, bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í

samskiptum við aðra. Hluti af vinnunni við geðræktarhluta *Heilsueflandi framhaldsskóla* fólst í verkefninu *Heilsumarkmiðin mín* sem lýst er hér að framan. Jafnframt fékk skólinn til sín fyrirlesara sem héldu fræðsluerindi fyrir nemendur og starfsfólk um jákvæðni og geðrækt. Á skólaárinu 2014-2015 er haldið áfram með verkefnið um heilsueflandi framhaldsskóla og er skólinn nú staddur í lífstílhliða verkefnisins. Þegar hafa verið fengnir fyrirlesarar sem haldið hafa fræðsluerindi um forvarnir og kynheilbrigði auk þess sem nemendur og starfsfólk fóru á haustdögum saman í svokallaða haustlitagöngu þar sem áhersla var lögð á hreyfingu og samveru. Það er tilfinning skólastjórnenda að jákvæðni ríki meðal nemenda og starfsfólks FSH í garð verkefnisins og að það hafi haft góð áhrif á almenna líðan þeirra sem skólann stunda.

Gott samstarf hefur verið við Borgarhólsskóla varðandi mötuneytismál, lán/leigu á sal og kennslueldhúsi. Nemanda sem ætti að vera í 10. bekk Borgarhólsskóla er hér hjá okkur á starfsbrautinni og hefur gengið mjög vel. Einnig má nefna að kennarar unglingsdeildar í Borgarhólsskóla komu hingað í FSH á starfsdögum vorið 2014. Kennarar ræddu saman í litlum hópum um námsefnið og fleira til þess að skólinn yrði enn betur í stakk búinn til að taka á móti nemendum.

FSH hefur verið í samstarfi við skólana í Fjarmentaskólinn.is sem hefur gengið vel.

### **Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur á í námi og kennslu**

Framhaldsskólinn á Húsavík hefur það að leiðarljósi að vinna í samræmi við einkunnarorð sín sem eru **Frumkvæði – Samvinna – Hugrekki**. Lögð er áhersla á að þeir þættir sem endurspeglast í einkunnarorðunum liti allt daglegt starf skólans.

Við leggjum áherslu á að efla frumkvæði nemenda.

Efling **frumkvæðis** hefur það að markmiði:

- að hlúa að styrkleikum hvers og eins og hvetja nemendur til skapandi hugsunar, og skapandi starfs.
- að hvetja nemendur til þess að sjá nýjar leiðir og lausnir á fjölbreyttum úrlausnarefnum.

Við leggjum áherslu á mikilvægi samvinnu allra þeirra sem í skólanum starfa, bæði nemenda og kennara, í öllu daglegu starfi.

**Samvinna** og samstarf hefur það að markmiði:

- að þjálfar nemendur í lýðræðislegu starfi og lýðræðislegri hugsun.
- að þroska með nemendum hæfileikann til þess að setja sig í spor annarra og bera virðingu fyrir ólíkum viðhorfum, og sýna umburðarlyndi, skilning og þolinmæði í samskiptum við aðra.
- að nemendur öðlist dýpri skilning á hugtökum á borð við frelsi, jafnrétti og systkinalag með því að þeir fái frelsi til að tjá skoðanir sínar og taka ákvarðanir um nám sitt, hafi jöfn tækifæri til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúararfstöðu, kynþáttar eða þjóðernis. Að nemendur efla samskiptahæfni sína með því að vinna með öðrum að fjölbreyttum viðfangsefnum, læri að leysa úr ágreiningi, vinni gegn mismunun og einelti, öðlist meiri sjálfsaga og taki ábyrgð á eigin gerðum.
- að vinna með nærsamfélagi skólans að því að þroska grenndarvitund nemenda og stuðla með þeim hætti að því að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á nærsamfélagi sínu og því umhverfi sem þeir eru hluti af.

Við leggjum áherslu á að efla **hugrekki** nemenda í daglegu starfi sínu. Efling hugrekkis hefur það að markmiði:

- að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda með því að hvetja þá til þess að sýna sjálfum sér og öðrum umhyggju og virðingu.
- að nemendur fái þá hvatningu og stuðning sem þarf til að þeir sjái hvers þeir eru megnugir.
- að nemendur hafi kjark og þor til að tjá tilfinningar sínar og skoðanir, standa með sjálfum sér og lifa heilbrigðu lífi.

## Ársskýrsla 2014

**Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:** Húsnæði skólans er 1399m<sup>2</sup>. Fjöldi nemenda á vorönn 2014 var 125 og á haustönn 2014 101. Starfsmenn voru 19.

**Námsframboð:** á vorönn 2014 voru nemendur á: Almennri námsbraut, félagsfræðibraut, náttúrufræðibraut, ótilgreindri braut, viðbótarnámi til stúdentsprófs og starfsbraut. Á haustönn 2014 voru nemendur á: Almennri námsbraut, félagsfræðibraut, framhaldsbraut, náttúrufræðibraut, viðbótarnámi til stúdentsprófs, ótilgreindri braut og starfsbraut.

**Framkvæmd markmiða:** Skólasamningur var gerður í desember 2012. Markmiðin í honum lúta að kennslu og fjölbreyttum kennsluaðferðum.

**Umbótaþættir eftir sjálfsmat:** Leiðsögn frá fagaðilum varðandi kennslu og fjölbreyttari vinnuaðferðir.

**Úttektir:** Skólinn var í ytra mati í nóvember 2014. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson hjá Gát sf. sáu um framkvæmd úttektarinnar.

**Afkoma, rekstrarstaða:** Rekstur skólans var í góðu samræmi við innsenda rekstraráætlun.

**Brottfall:** brotthvarf ársnema var 15,24% á vorönn 2014 og 5,9% á haustönn 2014.

**Stjórnun:** skólameistari í 100%, aðstoðarskólameistari sem gegnir einnig starfi áfangastjóra er í 75% starfi, fjármálastjóri í 50%.

**Samvinna við aðra:** Samstarf við Fjarmentaskólann.is. Samvinna við Borgarhólsskóla.

**Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:** Erum umsóknaraðilar að stóru verkefni í Norðurþingi sem heitir „Nýskapandi samfélag í Norðurþingi“ þar taka þátt leik- og grunnskólar sveitarfélagsins ásamt Framhaldsskólanum, Þekkingarnetinu og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga. Einnig erum við í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli. Byrjuðum haustið 2013 í verkefninu Heilsumarkmiðin mín og áfram með það 2014. Kennarar, námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur hafa fylgst með nemendum, tekið þá reglulega í viðtöl og aðstoðað þá til að ná markmiðum sem nemendur settu sér í byrjun annar varðandi: svefn, mataræði, hreyfingu og lífsstíl.